

Fyrirhuguð söfnun á landbúnaðarplasti.

Fyrirhuguð er að safna landbúnaðarplasti í þinni sveit.

Nú fer plastið til endurvinnslu en ekki brennslu.

Mikilvægt er að plastið sé hreint og laust við aðskotahluti.

Net og bönd tökum við með en verður að vera í sér pokum.

Alls ekki hafa net, spotta, hræ eða annað drasl í sambland.

Þá verður plastið ekki tekið því ógerningur er að hreinsa samanklesst og pressað plast.

Vinsamlega látið vita með góðum fyrirvara, helst tveggja daga ef þið viljið losna við plast til **Gámaþjónustu Norðurlands ehf**
S: 414 0200 eða netfang: nordurland@gamar.is

Söfnunarplanið er eftirfarandi:

24/2: Fnjóskadalur,

24/2: Ljósavatnsskarð að Goðafossi,

24/2: Bárðardalur,

26/2: Kinn + Reykjadalur,

28/2: Aðaldalur,

5/3: Mývatnssveit.

Veður og færð geta haft áhrif á.



Kiwanisklúbburinn Herðubreið

verður með konudagsblóm til sölu
föstudaginn 21. febrúar (seinni partinn) og
laugardaginn 22. febrúar í Samkaup Strax, Reykjahlíð.

Einnig verða konudagsblóm til sölu í Jarðböðunum
á sama tíma á föstudag (seinni partinn)
og einnig á laugardag og sunnudag.

Þá verður boðið upp á akstur með blóm í sveitina
ef þess verður óskað.

Hafið samband í síma 861 4420 og 897 4108.

Munið eftir konudeginum.
Kiwanisklúbburinn Herðubreið.



Mýflugan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Hrafnhildur Geirsdóttir

Sími: 464 4343, 866 0311

Netfang: myflugan@emax.is

7. tbl. 6. árg. miðvikudaginn 19. feb. 2014

Afmælisbörn dagana 20. feb. — 19. mars 2014

21. Karl Sigþór Þorsteinsson.
24. Lovísa Leifsdóttir.
25. Árni Halldórsson, Ásta Þórey Lárusdóttir.
27. Einar Bjarki Leifsson, Ingigerður Arnljótsdóttir.
2. Guðný Halldórsdóttir.
3. Arnljót Anna Jóhannsdóttir.
4. Álfdis Sigurveig Stefánsdóttir, Ómar M. H. Zariroh.
7. Þorsteinn Aðalsteinsson.
11. Arnheiður Rán Almarsdóttir.
12. Gunnar Þór Brynjarsson, Ingimar Atli Knútsson, Jean-Marc Plessy.
15. Elvar Goði Yngvason.
17. Arnþrúður Anna Jónsdóttir, Skarphéðinn Reynir Jónsson.
18. Þorgeir Gunnarsson.
19. Katla Böðvarsdóttir, Steingrímur Örn Kristjánsson.

Mýflugan

**Kæru lesendur
og viðskiptavinir.**

MUNIÐ!!

Næsta Mýfluga kemur út miðvikudaginn 19. mars.

Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 14:00 á þriðjudögum.

Netfang: myflugan@emax.is eða í síma 464 4343/ 866 0311

Kveðja, Hrafnhildur.

Geðorð vikunnar.

Með jákvæðni geri ég allt betra í kringum mig.

Þetta felur ekki í sér, að ég sé endilega alltaf sammála síðasta ræðumanni.

En ég reyni að skilja hann. Jákvæðni snýr að mér. Ég þarf að skoða sjálfan mig raunsætt og átta mig á mínum takmörkunum og breyta ýmsu í fari mínu sem er óæskilegt og stríðir gegn jákvæðu lífsviðhorfi.

Ég á að temja mér það, að bæta mig á hverjum degi, mér og öðrum til gleði og sálubótar. Jákvæðni er eitthvað sem hægt er að læra og sem ég get gert að hluta af minni persónu. Jákvætt samfélag byggir upp og ég er partur af slíku samfélagi. Þannig ætla ég að reyna að verða á hverjum degi. Ég get lagað mína galla og ófullkomleika.

Það er lífsverkefni og ég byrja á því í dag.

Samráðshópur um áfallahjálp í Þingeyjarsýslu.

Félag eldri Mývetninga auglýsir.

Sumarferð Mývetninga og Öxfirðinga er ákveðin 13. til 15. júní til Austurlands.

Gist verður á Hótel Bláfelli á Breiðdalsvík í 2 nætur.

Verð áætlað 25.800 kr. á mann, það er gisting í tvær nætur í tveggja manna herbergi, tveir morgunverðir og tveir kvöldverðir.

Félagið borgar bílinn.

Pantanir í ferðina verða að berast fyrir febrúarlok til stjórnarinnar vegna áætlunar um fjölda þátttakenda.

Kærar kveðjur.

Finnur, sími 865 9775,
Sigga, sími 464 4179 og
Guja, sími 464 4235.

AÐALFUNDUR

FÉLAGS SAUÐFJÁRBÆNDA Í S-ÞING
verður haldinn fimmtudagskvöldið 27. febrúar
í Ýdölum kl. 20:30.

Þórarinn Ingi Pétursson, formaður LS mætir á fundinn.
Venjuleg aðalfundastörf.
Nýir félagar velkomnir.

Stjórnin.



Laus sumarstörf.

Nokkur sumarstörf á vegum Skútustaðahrepps eru laus til umsóknar.

- Íþróttamiðstöð.
- Áhaldahús.
- Leikskóli.

Frekari upplýsingar gefa sveitarstjóri, forstöðumaður Íþróttamiðstöðvar, forstöðumaður áhaldahúss og leikskólastjóri. Umsóknir skulu berast skrifstofu Skútustaðahrepps, Hlíðavegi 6, fyrir 28. feb. n.k.

Sveitarstjóri.



Frá Íþróttamiðstöð.

Vegna þorablóts í Reykjahlíðarskóla verður Íþróttamiðstöðinni lokað kl. 19:00, fimmtudaginn 20. febrúar. Barnapössun fellur einnig niður sama dag.

Kveðja, starfsfólk



MENNINGARMÍÐSTÖÐ PÍNGEYINGA

Þjóðfræði á Þorrapræl

Safnahúsinu á Húsavík 22. febrúar, kl 14-17

Fjölbreytt dagskrá þar sem áheyrendum gefst færi á að kynnast hinum ýmsu þjóðfræðilegu viðfangsefnum. Að dagskránni standa þingeyiskir þjóðfræðingar og þjóðfræðinemar í samstarfi við Menningarmiðstöðina.

Dagskrá:

14:00 – 15:00, stutt erindi.

Mátulegt er meyarstig - trölíð í íslenskum þjóðsögum.

Sif Jóhannesdóttir.

Dauðatónar - kynning á BA ritgerð í smíðum. Búi Stefánsson.

Kreddur - veftímarit um þjóðfræði. Sigurlaug Dagsdóttir.

15:00 – 15:30, fyrirspurnir og kaffi.

15:30 - 16:10.

Landslag þjóðsagna - umfjöllun um kortlagningu íslenskra þjóðsagnasafna. Trausti Dagson.

Hvar er reykðælska huldufólkið? Erindi um reykðælskar þjóðsögur. Guðrún S. Harðardóttir.

16:10-16:50

Eiríkur Valdimarsson MA, þjóðfræðingur

Frá bleytu til breytu: Af veðurspám almennings fyrr, nú og æ síðan

Í erindinu verður fjallað um rannsókn höfundar á alþýðlegum veðurspám Íslendinga, sem er þekking fjölmargra kynslóða þessa lands sem þróuðu spár sínar um aldir. Nokkra slíkar spár verða gerðar að umtalsefni, sérstaklega spár úr S-Þingeyjarsýslu. Að auki verður horft til framtíðar og rætt hvernig við upplifum veðrið í dag og hvernig upplifir almenningur stórar breytingar á borð við loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar."

16:50 – 17:00 fyrirspurnir og spjall.

Allir velkomnir, enginn aðgangseyrir.

Nánari upplýsingar á www.husmus.is og á facebook síðu Safnahússins.

**Góðir sveitungar,
nú er komið að því sem margir hafa beðið eftir.**

Stofnfundur Menningarfélagsins Gjallanda skal haldinn í Skjólbrekku, menningarhúsi Mývetninga, miðvikudaginn 26. febrúar kl. 20:00.

Farið verður yfir tilgang og lög félagsins auk þess að skipuleggja starfsemina til vors.

Allir velkomnir.

Nefndin.

Vilt þú vinna hjá Mývatnsstofu í sumar?

Starfsmenn óskast í sumarstörf hjá Mývatnsstofu ehf. Helstu verkefni starfsmanns Mývatnsstofu eru almenn afgreiðslustörf, upplýsingamiðlun til ferðamanna og ferðaþjónustuaðila, umboðssala, umsjón með heimasíðu og uppgjör.

Hæfniskröfur eru sjálfstæði, skipulagshæfni og frumkvæði í starfi. Jákvæðni og fagleg framkoma. Hæfni í mannlegum samskiptum, almenn tölvukunnátta og góð tungumálakunnátta. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi og hafi reynslu af sölustörfum.

Vinsamlega sendið inn ferilskrá og formlega umsókn til Guðrúnar Brynleifsdóttur á gudrun@visitmyvatn.is.

Nánari upplýsingar í síma 464 4390 / 898 9820
Umsóknafrestur er til og með 3. mars n.k.



Stofnfundur *Fjöreggs,*
félags um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit
verður haldinn í Skjólbrekku
fimmtudagskvöldið 27. febrúar kl. 20:00.

- * Dagskrá :
- * Kynning á aðdraganda félagsins.
- * Tillaga að lögum borin upp til samþykktar.
- * Önnur mál.
- * Fræðsluerindi (nánar auglýst síðar)

Allir velkomnir
Undirbúningshópurinn

Tillaga að lögum :

FJÖREGG

Félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit.

Lög.

1. gr.

Félagið heitir Fjöregg, félag um náttúruvernd og heilbriggt umhverfi í Mývatnssveit. Heimili þess og varnarþing er í Skútustaðahreppi.

2. gr.

Markmið félagsins er verndun náttúru og umhverfis Mývatnssveitar. Sjálfbær umgengni sem byggir á öflugri umhverfisvitund, þekkingu og verndarvilja.

3. gr.

Markmiðum sínum hyggst félagið ná með því að :

- * Stuðla að fræðslu um náttúruvernd, sjálfbærni og heilbriggt samfélag.
- * Vinna að umhverfisumbótum á svæðinu.
- * Fylgjast með hvers konar vá sem náttúrunni er búin af mannlegum inngripum og vekja athygli á henni.
- * Hvetja fólk og fyrirtæki til umhverfisvænna lífshátta og starfsemi.
- * Vera vettvangur fyrir umræðu og ályktanir um náttúruverndarmál.

4. gr.

Aðild að félaginu er tvönn konar, félagar og hollvinir. Félagar skulu vera einstaklingar með lögheimili í Skútustaðahreppi. Einstaklingar, félög, fyrirtæki og stofnanir geta gerst hollvinir óháð búsetu. Árgjald félagsmanna annars vegar og hollvina hins vegar skal ákveða á aðalfundi.

Ritari heldur skrá yfir féлага og hollvini.

Stofnfélagar teljast þeir sem skrá sig í félagið árið 2014.

Þeir sem skulda árgjald til þriggja ára falla af félagaskrá.

Eingöngu félagar hafa atkvæðisrétt og eru kjörgengir í stjórn.

Hollvinir eru velkomnir á fundi og viðburði félagsins með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð sjö félagsmönnum, formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnendum.

Formaður er kosinn beint á aðalfundi til eins árs og auk þess þrír stjórnarmenn til tveggja ára. Tveir skulu kosnir til vara til eins árs í senn. Stjórnin skiptir að öðru leyti sjálf með sér verkum.

Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda. Varamenn skulu ávallt boðaðir á stjórnarfundi en hafa einungis atkvæðarétt komi til forfalla hjá stjórnarmönnum.

6. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið.

7. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok apríl ár hvert. Stjórn skal boða til aðalfundar með sannanlegum hætti með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Síðara fundarboð með dagskrá og með tillögum til lagabreytinga, sem leggja á fyrir aðalfund, skal senda félagsmönnum með tölvupósti eða öðrum hætti með eigi minna en einnar viku fyrirvara. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna ræður úrslitum mála.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- * Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- * Skýrsla stjórnar lögð fram.
- * Reikningar lagðir fram til samþykktar.
- * Lagabreytingar
- * Ákvörðun félagsgjalds
- * Kosning stjórnar
- * Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- * Önnur mál

Tillögur til lagabreytinga skulu komnar í hendur stjórnar a.m.k. 2 vikum fyrir aðalfund. Til að lagabreytingar nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi.

8. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með 2/3 hluta atkvæða og renna eignir þess til náttúruverndar í Mývatnssveit.

Ákvæði til bráðabirgða um stjórnarkjör:

Fyrsta stjórn skal kosin með þeim hætti að formaður sé kosinn til eins árs og 3 stjórnarmenn til tveggja ára, en þrír auk tveggja varamanna til eins árs.